

Hafnarfjarðarbær
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður
B/t bæjarstjóra.

Hafnarfirði, 21. mars 2017.

Varðar: Íþrótt- og útivistarsvæði með golfvelli í landi Hafnarfjarðar.

Golfklúbburinn Setberg (hér eftir nefndur „GSE“ eða „klúbburinn“) var stofnaður árið 1994 og hóf starfsemi árið 1995. GSE hefur verið aðili að Íþróttabandalagi Hafnarfjarðar frá stofnun og hefur haft aðstöðu undir starfsemi sína á Setbergsvelli sem liggur á mörkum Hafnarfjarðar og Garðabæjar.

Vegna áforma nýrra eigenda Setbergslands um þróun byggðar á landinu þarf klúbburinn að finna nýja aðstöðu undir starfsemi sína innan fárra ára. Nærtækast hefur þótt að horfa til svæða sem aðalskipulag Hafnarfjarðar gerir þegar ráð fyrir að verði fjölnota íþrótt- og útivistarsvæði með golfvelli (Íþ7, Íþ9 og svæðið þar á milli (hér eftir nefnt „svæðið“)), eins og ákveðið var við síðustu endurskoðun aðalskipulags. Það var að miklu leyti gert að tilstuðlan Golfklúbbsins Keilis, sem GSE hefur gengið til samstarfs við.

Þessir tveir hafnafirsku golfklúbbar telja að með góðu samstarfi og skipulagi á svæðinu sé hægt að þróa og byggja upp íþrótt- og útivistarsvæði þar sem íþróttir, útivist, ferðaþjónusta og ræktun lands styður hvert við annað (hér eftir „verkefnið“). Það er forsenda fyrir því að golfklúbbarnir komi að verkefninu að samstaða sé um verkefnið á milli allra viðeigandi aðila. Hafa klúbbarnir því kynnt verkefnið fyrir Skógræktarfélagi Hafnarfjarðar, Skátafélaginu Hraunbúum og íþróttafélögum innan Íþróttabandalags Hafnarfjarðar sem ýmist hafa áhuga á að nýta svæðið eða hafa gert það fram að þessu. Þeir aðilar styðja þá hugmynd að hefja vinnu við þróun á aðlaðandi, vel hannaðri og umhverfisvænni heildarlausn sem nýtist sem flestum þegnum samfélagsins.

Við allra fyrstu skrefin hafa golfklúbbarnir notið ráðgjafar frá Edwin Roald, sérfræðingi í sjálfbærri golfvallagerð sem hefur sérhæft sig í skipulagningu slíkra fjölnotasvæða (www.edwinroald.com). Ýmis dæmi eru um vel heppnaða blöndun ólíkra landnotkunarkosta á eða við golfvelli, þar sem við sögu koma m.a. reiðleiðir, skógrækt, göngu-, hlaupa- og hjólastígar, gönguskiðaiðkun, stangveiði, fuglaskoðun, siglingar, fræðsla um menningarsögulega arfleifð og margvísleg landbóta- og vistverndarverkefni. Í okkur blunda háleit markmið um frekari nýsköpun og nýja hugsun í skipulagi, sem við teljum að gæti orðið til mikils sóma fyrir alla hlutaðeigandi og fyrir Hafnarfjarðarbæ.

Það er okkar trú að nýta megi golfvallagerð sem frumkvæði í þágu samnýtingar á innviðum eins og bílastæðum, búnings- og veitingaaðstöðu, stærðarhagkvæmni fyrir samfélagið, lagfæringar á skemmdu landi og gera það aðgengilegt sem flestum, heimamönnum sem og innlendum og erlendum gestum. Uppbygging á svæðinu mun án efa styðja við og auka gæði þeirra svæða sem nú eru í uppbyggingu í nágrenni svæðisins. Hugsanlegt er að nýta megi uppgröft á nálægum byggingarsvæðum við uppbyggingu á svæðinu.

Undirritaðir aðilar óska eftir því að hafist verði handa við að þróa hugmyndir um landnotkun á svæðinu sem gætu verið grunnur að deiliskipulagi fyrir svæðið. Það er tillaga undirritaðra að samið verði við Edwin Roald um að leiða vinnu við þróun hugmynda um landnotkun á svæðinu.

Golfklúbbarnir óska eftir því að Hafnarfjarðarbær samþykki að greiða kostnað sem til fellur vegna þróunar hugmynda um landnotkun á svæðinu sem gætu orðið grundvöllur að deiliskipulagi fyrir svæðið. Bréf þetta hefur verið kynnt fyrir stjórn Íþróttabandalags Hafnarfjarðar. Bréf þar sem óskað er eftir því að kostnaður við hönnun svæðisins verði greiddur af bænum er samhliða bréfi þessu sent til bandalagsins. Í bréfinu er óskað eftir því að málefnið verði tekið fyrir á næsta þingi Íþróttabandalags Hafnarfjarðar.

Golfklúbbarnir óska eftir fundi með bæjarstjóra til þess að fara yfir erindið.

Með von um góðar undirtektir.

F.h. Golfklúbbsins Setbergs:



F.h. Golfklúbbsins Keilis:



Tenglar:

Opin svæði á golfvöllum - vannýtt auðlind:

<http://www.sterf.org/Media/Get/1791/opin-sva-i-a-golfvollum-vann-tt-au-lind-icelandic>

Sjálfbærnivottun GEO fyrir nýja golfvelli:

http://www.golfenvironment.org/get_involved/developments/landing_page

Íþróttabandalag Hafnarfjarðar
Íþróttahúsinu við Strandgötu
220 Hafnarfjörður

Hafnarfirði, 21. mars 2017.

Varðar: Íþróttta- og útivistarsvæði með golfvelli í landi Hafnarfjarðar.

Vísað er í bréf, sem er fylgiskjal með bréfi þessu, frá Golfklúbbnum Setbergi og Golfklúbbnum Keili til Hafnarfjarðarbæjar þar sem þessir tveir hafnfirsku golfklúbbar óska eftir því að hafist verði handa við að þróa hugmyndir um landnotkun á svæðum sem aðalskipulag Hafnarfjarðar gerir þegar ráð fyrir að verði fjölnota íþróttta- og útivistarsvæði með golfvelli (Íþ7, Íþ9 og svæðið þar á milli (hér eftir nefnt „svæðið“)), eins og ákveðið var við síðustu endurskoðun aðalskipulags.

Golfklúbbarnir óska eftir því í bréfinu að Hafnarfjarðarbær samþykki að greiða kostnað sem til fellur vegna þróunar hugmynda um landnotkun á svæðinu sem gætu orðið grundvöllur að deiliskipulagi fyrir svæðið. Er óskað eftir því að gert verði ráð fyrir þessum kostnaði við forgangsröðun Íþróttabandalags Hafnarfjarðar á næsta þingi bandalagsins.

F.h. Golfklúbbsins Setbergs:



F.h. Golfklúbbsins Keilis:

